

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi við Nónvík.

Á 23. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkti bæjarstjórn að grenndarkynna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Nónvíkur vegna breytinga á lóðinni við Hjallatanga 48 fyrir lóðarhöfum Hjallatanga 44 og 46, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 44. gr. laganna.

Fyrirhugaðar breytingar felast m.a. í að vegna landhalla og jarðvegisdýptar á lóð er byggingarreit breytt lítillega og nú er heimilt að byggja hús á tveimur hæðum. Aðkoma frá götu er inn á efri hæð byggingarinnar. Hæð undir aðkomuhæð hefur óniðurgrafinn vegg til suðurs.

Bæjarstjórn fól bæjarstjóra á 23. fundi sínum, í samræmi við afgreiðslu skipulagsnefndar og bæjarráðs, að afgreiða tillöguna til Skipulagsstofnunar hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu eða ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningaröggn að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna. Tillagan var grenndarkynnt 18. mars til 16. apríl 2024. Engar athugasemdir bárust og telst því tillagan staðfest af hálfu bæjarstjórnar.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 29. apríl 2024.

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson bæjarstjóri.